**From:** Landsnet Póstfang [mailto:landsnet@landsnet.is]
**Sent:** 10. júlí 2015 15:03
**To:** Landsnet Póstfang
**Subject:** Kynning á tillögu að kerfisáætlun 2015-2024 og umhverfisskýrslu

**Kynning á tillögu að kerfisáætlun 2015-2024 og umhverfisskýrslu**
Fyrir liggur tillaga að kerfisáætlun 2015-2024 um áætlaða þróun notkunar og framleiðslu raforku tengdri flutningskerfinu, auk þeirrar uppbyggingar sem ráðgerð er á meginflutningskerfinu. Landsnet kynnir nú tillögu að kerfisáætlun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003 m.s.br. og umhverfisskýrslu í samræmi við lög nr. 105/2006, en í umhverfisskýrslu lagt er mat á umhverfisáhrif kerfisáætlunar.

- Kerfisáætlun fjallar m.a. um grunnforsendur fyrir áætlun, niðurstöður kerfisrannsókna, valkosti um uppbyggingu meginflutningskerfisins til næstu 10 ára og framkvæmdir á tímabilinu 2016-2018.
- Umhverfisskýrslan gerir grein fyrir forsendum, nálgun og niðurstöðu matsvinnu, ásamt þeim mótvægisaðgerðum sem lagðar eru til.

Tillaga að kerfisáætlun og umhverfisskýrsla eru aðgengileg á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is, í afgreiðslu Landsnets við Gylfaflöt 9 og hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166.
Landsnet mun halda opinn kynningarfund í ágúst og verður hann auglýstur sérstaklega.
Ábendingar og athugasemdir við umhverfisskýrsluna skal senda til Landsnets á póstfangið landsnet@landsnet.is eða á heimilisfangið Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, merkt athugasemdir við kerfisáætlun 2015-2024.
Frestur til að gera athugasemdir eða koma með ábendingar við tillögurnar er til og með 1. september 2015. Það er von Landsnets að flestir kynni sér efni kerfisáætlunar og umhverfisskýrslu.

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026